

Til fjölmiðla  
Frá borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins  
V/ fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2013

## Útþensla kerfisins fjármögnuð með stórauknum álögum á almenning

### Kerfið hefur vaxið um 30% frá árinu 2010

Útþensla kerfisins á kostnað borgarbúa er það sem stendur upp úr þegar litið er yfir verk meirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar. Meirihlutinn seilist enn í vasa borgarbúa þrátt fyrir að skatttekjur A-hluta borgarinnar fari úr 50 milljörðum árið 2010 í 66,2 milljarða í fjárhagsáætlun 2013.

Árið 2013 mun kerfið kosta 16,2 milljörðum meira en það gerði árið 2010. Vöxtur þess er því 30% síðan meirihlutinn tók við. Allt á kostnað borgarbúa í formi skatta- og gjaldskrárhækkana. Til samanburðar má nefna að rekstur allra reykvískra grunnskóla kostar rúmlega 18 milljarða á ári.

Lítið sem ekkert hefur verið hagrætt í kerfinu, þvert á móti eykst kostnaður. Ekkert hefur bólað á því átaki í hagræðingu sem meirihlutinn ætlaði í við upphaf kjörtímabilsins. Hinsvegar hefur meirihlutinn fundið ný verkefni og hlaðið utan á kerfið þannig að það vex frá ári til árs og kostnaður eykst.

**Borgin fær 32% meira í skatt frá íbúum 2013 en árið 2010. Skatttekjur voru 50 milljarðar 2010 en eru áætlaðar 66,2 milljarðar 2013.**

### Meirihlutinn hefur kostað meðalfjölskyldu 330.000 kr. í formi skatta- og gjaldskrárhækkana

Frá því meirihluti Samfylkingar og Besta flokks tók við hafa áherslur hans verið þær að sækja stöðugt meira fjármagn til borgarbúa og ganga á ráðstöfunartekjur þeirra, fremur en að líta sér nær og hagræða í kerfinu. Þetta hefur verið dýrkeypt fyrir borgarbúa en eins og sjá má í fylgiskjali hafa þessar miklu hækkningar á kjörtímabilinu kostað meðalfjölskyldu í Reykjavík 330.000 krónur sem samsvarar meðallaunum kennara í Reykjavík.

### Kostnaður eykst gríðarlega á kjörtímabilinu

Aðhald og ábyrgð skortir í rekstri borgarinnar sem sést best á því hversu mikið kostnaður borgarinnar hefur aukist á kjörtímabilinu. Meirihlutinn státar sig af því við framlagningu þessarar áætlunar að þar sé enga hagræðingu að finna, en gleymir að geta þess að það aðhaldsleysi er allt á kostnað almennings í Reykjavík sem löngu er búin að greiða nóg fyrir þjónustu borgarinnar.

Þannig var liðurinn laun og launatengd gjöld í rekstri A-hluta 31,7 milljarðar árið 2010 en er áætlaður 41,7 milljarðar í fjárhagsáætlun 2013. Þessi liður hefur aukist um 30%. Sameiginlegur kostnaður og miðlæg stjórnsýsla tekur einnig til sín tugprósenta hækkun frá árinu 2010 – var 4,3 milljarðar 2010 en er áætlaður 7,7 milljarðar árið 2013.

**Skrifstofa borgarstjóra er gott dæmi um hversu mikið kerfið hefur blásið út. Rekstrarkostnaður var 164 milljónir árið 2010 en er áætlaður 535 milljónir árið 2013 og hefur því þrefaldast á kjörtímabilinu.**

## Aðhald og ábyrgð skortir

Taka þarf í taumana og stöðva þessa útpenslu borgarkerfisins sem skilar borgarbúum eingöngu minni ráðstöfunartekjum en ekki hærra þjónustustigi. Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins gagnrýndi þetta á borgarstjórnarfundinum í dag:

*„Það sem einkennir þessa áætlun, líkt og fyrri áætlanir þessa meirihluta er að enn og aftur er forgangsraðað á kostnað fólksins en í þágu kerfisins. Á valdatíma sínum hér í Reykjavík hefur þessum meirihluta tekist að festa í sessi hærri skatta, meiri skuldir, aukinn rekstrarkostnað og almennt versnandi hag fólksins í borginni. Þetta er ekki bara vond, röng og ósanngjörn þróun fyrir einstaklinga og fjölskyldur í borginni – hún er vond, röng og ósanngjörn fyrir allt samfélagið – þar sem hún dregur úr getu fólks til að nýta tækifærin og hún dregur úr hvatanum til framkvæmda og aðgerða“.*

Kerfið hefur vaxið um þriðjung frá því þessi meirihluti tók við, rekstrargjöldin hafa hækkað um svipaða tölu og sama gildir um skattana. Það er auðvelt að stjórna með því að taka stöðugt fé af almenningi. Mun skynsamlegra, sanngjarnara og farsælla hefði þó verið að nýta það svigrúm sem til staðar er til að hagræða í kerfinu og auðvelda almenningi að takast á við erfiða tíma. Þannig á borgarstjórn Reykjavíkur ekki að nýta auknar skatttekjur til að þenja út eigið kerfi heldur til að lækka álögur á heimilin í borginni.

*Nánari upplýsingar veitir Þórey Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins í s. 661 0101*

## Fylgiskjal með fréttatilkynningu borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins

### DÆMI

#### Áhrif hækkana á fjölskyldu í Reykjavík

Börn á leikskóla 2  
Börn í grunnskóla 1

2010	2011	2012
Fasteignamat íbúðar: 24,000,000	Fasteignamat íbúðar: 21,600,000	Fasteignamat íbúðar: 21,600,000
Lóðaverð (15%): 3,600,000	Lóðaverð (15%): 3,240,000	Lóðaverð (15%): 3,240,000
	Laun á mánuði samtals 700,000 (Meðallaun 334þ. 2009)	Laun á mánuði samtals 731,500 (Mv. 4,5% hækkun frá 2011)

	2010	Kostn,pr,ár	2013	Kostn,pr,ár	Mismunur
Leikskólagjöld - barn 1	20,655	227,205	25,875	284,604	57,399
Leikskólagjöld- barn 2	100%	0	75%	71,151	71,151
Skólamáltíð	5,000	52,500	6,600	69,300	16,800
Sorphirða	16,300	16,300	23,100	23,100	6,800
Fasteignaskattur	0,214%	51,360	0,20%	47,520	-3,840
Lóðaskattur	0,08%	2,880	0,20%	7,128	4,248
Útsvar	13,03%	1,050,739	13,28%	1,112,348	61,609
OR gjöld	8,800	105,600	14,159	169,906	64,306
Fristund	8,365	87,833	11,940	125,370	37,538
Síðdegishressing Fristund	2,150	22,575	3,450	36,225	13,650
<b>Samtals</b>		<b>1,616,992</b>		<b>1,946,652</b>	<b>329,660</b>

Samtals skatta- og gjaldskrárhækkunir 2010-2013 = **329.660**